



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

FARSÓTTAFRÉTTIR

5. árg. 10. – 11. tölublað. Október – nóvember 2009.

EFNI:

Inflúensu- faraldurinn á Íslandi	bls. 1
Ný ákvæði vegna alþjóða- heilbrigðis- reglugerðarinnar	bls. 3
Bólusetning gegn svínaflensu	bls. 3

Ritstjórn

Haraldur Briem sóttvarna-
læknir, ábm.

Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Sigurlaug Hauksdóttir
Þórolfur Guðnason

Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa
fréttabréfs, sé heimildar getið.

INFLÚENSUFARALDURINN Á ÍSLANDI



Inflúensulík einkenni

Heimfaraldurs inflúensu varð fyrst vart hér á landi í maí þegar fyrsta tilfellið var staðfest. Lítið var um einkenni inflúensu þar til um miðjan júlí, en þá fór fjöldi inflúensulíkra einkenna hægt vaxandi. Samtímis fór að bera á fleiri tilfellum inflúensu A(H1N1)v 2009 sem staðfest voru með sýnatöku. Til að skoða útbreiðslu inflúensu A(H1N1)v 2009 er því miðað við 29. júní (viku 27) við úrvinnslu á inflúensulíkum einkennum, sjá mynd 1.

Í seinni hluta september (viku 39) fækkaði tilfellum nokkuð og vonast var til að faraldurinn væri í rénum en þess í stað fór tilfellum ört fjölgandi. Í október náði inflúensan síðan mikilli útbreiðslu um allt land. Mest var aukning í útbreiðslu faraldursins um miðjan október (viku 42), en þá greindust alls 1792 með einkennum inflúensu, sem var þrefaldur fjöldi tilfella miðað við vikuna á undan. Næstu viku á eftir (viku 33) var vikulegur fjöldi tilfella í hámarki, eða 1954 manns. Í lok október og byrjun nóvember (viku 44 - 45) fækkaði tilfellum töluvert og vikulegur fjöldi tilfella fór niður í 797 tilfelli. Frá 29. júní–8. nóvember höfðu alls 8650 einstaklingar sótt til heilbrigðisþjónustunnar vegna inflúensulíkra einkenna, þar af 3942 karlar og 4618 konur.

Aldursdreifing

Í upphafi faraldursins í júlí og ágúst voru inflúensulík einkenni algengust í aldrarsþópnum 15–30 ára. Með tímanum varð breyting á aldersdreifingu tilfella, hlutfallsleg aukning varð mest í aldrarsþópnum 0–9



ára og inflúensulík einkenni urðu langalgengust hjá leikskóla- og grunnskólabörnum, sjá mynd 2. Samtímis varð hlutfallsleg fækkun á tilfellum hjá einstaklingum á aldrinum 15–30 ára. Hlutfallslega fáir í aldrarsþópnum yfir sextugt hafa greinst með inflúensulík einkennum.

Útbreiðsla inflúensunnar

Inflúensan breiddist fyrst út á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni, þróunin í höfuðborginni var u.þ.b. einni viku á undan, sjá mynd 1. Á landsbyggðinni kom í ljós að útbreiðslan var mismunandi innan svæða og umdæma. Á Norðurlandi barst

(Framhald bls. 2)

Í lok október og byrjun nóvember fækkaði tilfellum töluvert og vikulegur fjöldi tilfella fór niður í 797.

Frá 23. september til 9. nóvember höfðu um 170 einstaklingar verið lagðir inn á sjúkrahús með grun um eða staðfesta influensu A(H1N1)v 2009.

hún t.d. seint til Húsavíkur og á Austurlandi barst hún seint til Vopnafjarðar og Seyðisfjarðar. Í lok október og nóvemberbyrjun tók að draga úr faraldrinum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi.

Vöktun á influensulíkum einkennum byggir á skráningu þeirra í heilbrigðisþjónustunni um allt land.

Tilfelli influensu A(H1N1)v 2009 staðfest með sýnatöku


Þann 8. nóvember 2009 höfðu alls 646 einstaklingur greinst með influensu A(H1N1)v 2009 á Íslandi, sem staðfest var á veirufræðideild Landspítala. Þar af eru 320 karlar og 326 konur.

Fyrsta tilfelli influensu A(H1N1)v 2009 greindist á Íslandi upp úr miðjum maí. Nokkrar vikur liðu þar til fleiri greindust með sýkinguna, en ekki varð nein verulega aukning á tilfellum fyrr en mánaðamótin

fall sýna sem voru jákvæð fyrir influensu A(H1N1)v 2009. Um miðjan október (viku 42) náði fjöldi sýna og hlutfall jákvæðra sýna hámarki, þegar 57% af 284 innsendum öndunarfærasýnum reyndust jákvæð fyrir influensu A(H1N1)v 2009, sjá mynd 3. Í sömu viku var vikulegur fjöldi staðfesta tilfella í hámarki með staðfesta sýkingu hjá 163 manns. Eftir það hefur tilfellum farið fækkandi og í síðustu viku (viku 45) var sýkingin staðfest hjá 30 manns. Tilfelli hafa greinst hjá fólki með búsetu í öllum sóttvarnaumdæmum.

Breytingar sem orðið hafa á aldursdreifingu þeirra sem greinast með influensulík einkennum koma einnig skýrt fram í hópi tilfella með staðfesta influensu.

Lítið hefur greinst af öðrum veirum sem valda öndunarfærasýkingum, nánast öll jákvæð sýni eru með influensu A(H1N1)v 20-2009.



Innlagnir á sjúkrahús og dauðsföll

Eitt dauðsfall hefur orðið vegna influensunnar, en það var 18 ára stúlka með undirliggjandi áhættuþætti sem lést 18. október 2009.

Frá 23. september til 9. nóvember 2009 hafa um 170 einstaklingar verið lagðir inn á sjúkrahús með grun um influensu eða staðfesta influensu A(H1N1)v 2009. Langflestir hafa verið lagðir inn á Landspítala, eða 133 manns, þar af hafa alls 19 einstaklingar legið á gjörgæsludeild Landspítalans vegna influensu. Meðalaldur þeirra sem leggjast inn sjúkrahús er 45 ára, um þriðjungur þeirra hefur ekki verið með undirliggjandi áhættuþætti.

Nokkuð hefur verið um innlagnir á landsbyggðinni. Alls hafa tuttugu einstaklingar lagst inn á sjúkrahúsið á Akureyri vegna influensu, þar af hefur einn legið á gjörgæsludeild. Um 10 manns hafa verið lagðir inn á heilbrigðisstofnun Sudurnesja. Stöku innlagnir hafa verið á öðrum heilbrigðisstofnunum, þar af voru tveir á sjúkrahúsinu í Vestamanneyjum og á Neskaupstað og einn á Blönduósi, Selfossi og Egilstöðum.

júní–júlí. Í júlí og ágúst fylgandi tilfellum nokkuð hratt, á þeim tíma var náð fylgst með uppruna smitsins. Um miðjan ágúst, þegar búið var að staðfesta viðvarandi smit í samfélaginu, voru send út tilmæli um að draga úr sýnatöku. Greining á influensu var eftir það samkvæmt mati læknis og sýni einungis tekin hjá alvarlega veikum sjúklingum og hjá fólki í aukinni hættu á alvarlegum sýkingum. Með þessu dró mikið úr sýnatökum og staðfestum tilfellum fækkaði að sama skapi mjög í seinni hluta ágúst.

Þegar fjölgun varð á influensulíkum einkennum í byrjun október (viku 41), jókst mjög fjöldi öndunarfærasýna sem send voru til greiningar á influensu A(H1N1)v 2009, sjá mynd 3 hér að ofan. Samtímis hækkaði hlut-

NÝ ÁKVÆÐI VEGNA ALÞJÓÐA- HEILBRIGÐISREGLUGERÐARINNAR

Árið 2005 samþykktu aðildarríki Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) nýja alþjóðaheilbrigðisreglugerð (AHR 20-05). Reglugerðin tók formlega gildi 15. Júní 2007.

Meginmarkmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma milli landa, veita vernd gegn slíkri útbreiðslu, halda henni í skefjum og gera viðbragðsáætlanir gegn ógnum á sviði lýðheilsu.

Í AHR (2005) eru m.a. ákvæði um landamærastöðvar. Kveðið er á um að hvert samningsríki skuli tilnefna flugvelli og hafnir, sem þróa skulu grunnviðbúnað sem kveðið er á um í 1. viðauka reglugerðarinnar. Þá skulu samningsríkin leggja fram lista yfir hafnir sem hafa leyfi til að gefa út sóttvarnavottorð fyrir skip og þau skulu skilgreina ábyrg stjórnvöld við sérhverja tilnefnda landamærastöð.

Vegna þessara ákvæða alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar hefur umhverfiráðuneytið á þessu ári bætt við nýrri grein



Samningsríkin skulu leggja fram lista yfir hafnir sem hafa leyfi til að gefa út sóttvarnavottorð fyrir skip.

(55. gr.) í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti sem fjallar um sóttvarnarundanþágu og sóttvarnavottorð fyrir skip. Heilbrigðisnefnd, í samráði við Siglingastofnun, hefur eftirlit með sóttvörnum í skipum og gefur út vottorð um sóttvarnarundanþágu og sóttvarnavottorð fyrir skip. Heimilt er að veita vottorð um sóttvarnarundanþágu og sóttvarnavottorð fyrir skip í þeim höfnum sem til þess hafa leyfi eða eru tilnefndar í fylgiskjali með reglugerðinni.

Haraldur Briem

*Bóluefnið mun
berast til landsins í
vikulegum
skömmtum og er
áætlað að í lok
nóvember muni
samtals um 100.000
skammtar hafa
borist.*

BÓLUSETNING GEGN SVÍNAINFLÚENSU

Íslendingar hafa fest kaup á 300.000 skömmtum af bóluefni (*Pandemrix*[®]) gegn svínainflúensu. Bóluefnið er framleitt af GSK og komu fyrstu skammtarnir 15. október síðastliðinn og í októberlok höfðu borist 50.000 skammtar af bóluefninu. Bóluefnið mun berast til landsins í vikulegum skömmtum og er áætlað að í lok nóvember muni samtals um 100.000 skammtar hafa borist.

Heilbrigðisstarfsmenn og einstaklingar í öryggisstörfum voru bólusettil til að byrja með en síðan tók við bólusetning hjá ein-

staklingum með skilgreinda undirliggjandi sjúkdóma. Áætlað er að lokið verði við að bólusetja þennan hóp fyrir lok nóvember og verður bólusetningin þá boðin öllum almenningi.

Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum rannsóknna á bóluefninu hefur komið í ljós að einn skammtur dugur til að veita hámarksvernd hjá einstaklingum í öllum aldurs-
hópum.

Þórólfur Guðnason